

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 19. júní 2024
Tilv.2024-04-29-0510/2.4.1

Efni: Varðar skógræktarframkvæmdir í Selárdal, nr. 0502/2024

Með erindi úr skipulagsgátt þann 29. apríl leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu skógræktarframkvæmda í Selárdal, nr. 0502/2024. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að vonir standa til þess að framkvæmdirnar muni hafa mikil og jákvæð áhrif á það dýralíf sem finnst í Selá, Selsá og Ytri-Hrútá. Bæði fyrir hryggleysingja og laxfiska og verður mikil eftirfylgni með þessum árangri og hann mældur skipulega. Í tilkynningunni er vísað til vísindarannsókna sem benda til þess að slíkur árangur geti náðst. Ef árangur næst sem bætt getur skilyrði fyrir lax er það jákvætt, en stofnum Atlantshafslaxa hefur almennt hnignað.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

7. júní 2024

Vopnafjarðarhreppur
-Skipulags- og byggingarfulltrúi-
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Umsögn vegna ákvörðunar um matsskyldu fyrir skógræktarframkvæmd í Selárdal.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vopnafjarðarhrepps, dags. 29.4.2024 hvar óskað var umsagnar Heilbrigðiseftirlits Austurlands vegna máls nr. 502/2024, ákvörðunar um matsskyldu fyrir skógræktarframkvæmd í Selárdal, Vopnafirði.

Fyrirhugað er að hefja skógræktar- og landgræðsluframkvæmdir í þjóðlendu efst í Selárdal í Vopnafirði. Heildarstærð framkvæmdasvæðisins er yfir 200 ha að stærð og er því tilkynningarskylt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Framkvæmdaraðili verkefnisins er Six Rivers Iceland. Fyrirætlanir eru um að rækta upp skóg og notast við birki, gulvíði og loðvíði, til skoðunar er að nota elri nær þverám. Ekki er stefnt að því að notast við áburð í þessum framkvæmdum. Flokka megi þessa skógrækt sem blöndu af endurheimt náttúruskóga og landgræðsluskógrækt.

Bent er á að skoða þurfi framkvæmdina út frá lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Samkvæmt 16. gr og 18 gr. lagana skal allt vatn vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi þó með þeim fyrirvara að aðgerðir til þess rýri ekki hag íbúa og kostnaður sé ekki úr hófi fram. Til að ná fram markmiðunum lagana skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.

Undirrituð hefur fyrir hönd Heilbrigðisnefndar Austurlands kynnt sér framkvæmdina og telur að öðru leyti sé vel gert grein fyrir framkvæmdinni. Svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps. Fram kemur að óskað hafi verið eftir að svæðið verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði samkvæmt nýju aðalskipulagi.

Fyrirhuguð starfsemi er ekki starfsleyfis skyld hjá Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Heilbrigðisnefnd Austurland telur framkvæmdina ekki matsskylda.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri HAUST

Síða 1 af 1

Pórdís Stella Erlingsdóttir

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Sent: föstudagur, 7. júní 2024 08:14
To: Pórdís Stella Erlingsdóttir
Cc: Skipulagsstofnun - SLS
Subject: Umsögn forsætisráðuneytisins - Skógræktarframkvæmdir í Selárdal í Vopnafirði

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar frá 29. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um skógræktarframkvæmdir og landgræðslu í Selárdal í Vopnafirði.

Six Rivers Iceland, leigutaki Selár í Vopnafirði, hefur á undanförunum árum unnið að því að bæta afkomu laxastofnsins sem er í ánni. Ein aðgerð því tengdu er að bæta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í Selsá og Ytri-Hrútá sem báðar eru hliðarár sem renna í Selá. Þannig háttar til, að báðar þessar ár eiga upptök sín í (og renna að talsverðu leiti um þjóðlendu sem er í innanverðum Selárdal og inn af honum). Báðar árnar búa yfir (margsháttar) góðum skilyrðum til uppeldis seiða, en stór hluti þess lands sem þær renna um er í mjög lélegu ástandi núna (allt frá auðnum til illa gróinna móa). Þetta orsakar skort á fæðu fyrir laxaseiðin, sem Six Rivers Iceland vilja bæta úr með þessum framkvæmdum.

Fyrirætlanir þeirra eru að rækta upp skóg og notast við birki, gulvíði og loðvíði. Til skoðunar er að nota Elri, sem næst þveránum, en hann skilar frá sér mikið af næringarefnum út í árnar og er einnig niturbindandi. Ekki er stefnt að því að notast við áburð í þessum framkvæmdum, en eitthvað verður notast við heyrúllur, bæði til að binda jarðveg, en einnig til að stöðva frostlyftingu á jarðvegi og vonandi bæta lífsskilyrði planta þannig.

Six rivers Iceland horfir á verkefnið með það í huga að horfa á allt vatnavistkerfið sem eina heild (e. river continuum concept) þar sem allt hefur áhrif á flæði innan kerfisins. Reynt verður að nýta orkuna sem fer í kerfið á sem bestan og skynsamlegastan hátt. Þeim ofar sem farið er, í vatnasviðið til þess að bæta inn orku inn í vatnskerfið/fæðunetin, því stærri hluti af ánni nýtur góðs af aðgerðunum og minna orkutap verður út úr kerfinu.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði. Í dag er í vinnslu nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Óskað hefur verið eftir því að svæðið verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði í nýju aðalskipulagi.

Afmörkun svæðisins er eftirfarandi skv. framkvæmdaraðila:



Mynd 1 - Framkvæmdarsvæðið innst í Selárdal. Hér má sjá árnar þjár sem marka svæðið og eru mikilvægar fyrir laxinn sem uppeldissvæði og fer mikilvægi þeirra stigvaxandi.

Til stendur að planta á bilinu 25.000-40.000 plöntum á ári, fyrstu 5 árin á svæðinu. Áætlað er að planta í kring um 2000-2200 plöntum á ha., á illa gróin svæði en mun gisnara í mólendi þar sem gróðurþekjan er yfir 60%, (til að reyna að stuðla að góðu samlífi staðargróðursins með gróðursetningarplöntunum).

Engu verður raskað við gróðursetninguna. Dreifa á heyrúllum í rofsvæði og melsvæði. Er þetta áhrifarík aðgerð gegn rofi en einnig geng frostlyftingu jarðvegs. Votlendi á svæðinu verður ekki raskað á neinn hátt, enda er það vistfræðilega mjög mikilvægt fyrir lífríkið í ánum. Sömuleiðis verður ekki notast við tegundir í framkvæmdinni sem þurrka upp votlendi s.s. aspir. Með þessu er vonast til að mýrarnar munu halda sér alveg óbreyttar frá því ástandi sem þær eru í dag. Ætlunin er að gróðursetningin fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og hægt er. Ekki er gert ráð fyrir neinni véltækri jarðvinnslu við gróðursetningu, enda eykur slíkt hættu á mögulegu jarðvegstapi, sem framkvæmdaaðili vill alls ekki. Við teljum að skógurinn muni falla vel að landinu, þar sem verið er að nota tegundir sem eru náttúrulega til staðar á svæðinu (víðir) eða myndu ellegar nema land þar von bráðar með hlýnun loftslags (birki).

Ráðuneytið telur mikilvægt að skilgreiningu á skipulagi á svæðinu verði breytt. Ef sveitarfélagið fyrirhugar að veita framkvæmdaraðila heimild fyrir framkvæmdinni þarf að breyta skipulagi svæðisins úr óbyggðu svæði og það verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði í nýju aðalskipulagi. Auk þess telur ráðuneytið mikilvægt að skipulagsbreytingum verið lokið við upphaf framkvæmda.

Ráðuneytið leggur áherslu á að þess sé gætt að aðeins innlendar plöntu- og gróðurtegundir séu notaðar til skógræktar á þessu svæði, jafnframt að staðbundinn gróður sem einkennir landshlutann sé notaður til skógræktar.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið Náttúrufræðistofnunar Íslands (frá 29.05.24) og telur að gera þurfi betur grein fyrir því, hvort og þá hvernig umrædd framkvæmd komi til með að hafa áhrif á dýralíf á svæðinu og þá sérstaklega fuglalíf, með tilliti til varpstaða fugla. Auk þess telur ráðuneytið að fara eigi varlega í notkun Elris á svæðinu en rannsóknir benda til þess að tegundin geti breitt talsvert hratt úr sér og orðið ágeng tegund við ákveðnar kringumstæður. Elrir er auk þess ekki innlend trjátegund en eins og fyrr segir leggur ráðuneytið áherslu á að aðeins innlendar plöntu- og gróðurtegundir séu notaðar til skógræktar á þessu svæði. Í ljósi alls þessa telur ráðuneytið að umrædd framkvæmd geti haft töluverð umhverfisáhrif og telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Ráðuneytið leggur auk þess áherslu á að óháður sérfræðingur á sviði skógræktar í þessum landshluta og/eða óháður sérfræðingur á sviðið landgræðslu komi að verkefninu, ef til þess kemur.

Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.

Komi til skógræktar og landgræðslu á svæðinu mun ráðuneytið gera kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Auk þess gerir ráðuneytið fyrirvara um að öll tilskilin leyfi hlutaðeigandi sveitarfélags liggja fyrir við upphaf framkvæmda.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 4. gr. laga nr. 58/1998 við afgreiðslu erindisins.

Með vinsemd og virðingu, Regína Sigurðardóttir,



Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnýslu / Department of Constitutional and Administrative Affairs
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8400
www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>

Sent: þriðjudagur, 30. apríl 2024 14:16

Til: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Efni: RE: Skógræktarframkvæmdir í Selárdal í Vopnafirði

Sæl Regína,

Eftirtaldir aðilar fengu senda umsagnarbeiðni vegna skógræktar í Selárdal:

Vopnafjarðarhreppur
Fiskistofa
Forsætisráðuneytið
Land og skógur
Heilbrigðiseftirlit Austurlands
Minjastofnun Íslands
Náttúrufræðistofnun Íslands
Umhverfisstofnun
Vegagerðin

Með kveðju,

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment Skipulagsstofnun - National Planning Agency Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland sími 595 4100 thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

<http://www.skipulag.is/>

<http://www.facebook.com/skipulagsstofnun>

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 13. júní 2024
UST202404-339/K.B.B.
10.05.00

Efni: Umsögn - Matsskyldufyrirspurn - Skógræktarframkvæmdir í Selárdal

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Six Rivers Iceland ehf. (hér eftir framkvæmdaraðili) áformar að hefja skógrækt á vatnasvæði Selsá og Ytri-Hrútsár í Vopnafirði. Um er að ræða tæplega 1300 hektara svæði sem afmarkast af Selsá í norðri, Selá í suðri og Ytri-Hrúta í vestri. Framkvæmdaraðili hefur undanfarin ár unnið að því að bæta afkomu laxastofnsins í Selá og er framkvæmdin liður í þeirri viðleitni. Markmið með skógræktinni er að bæta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í Selsá og Ytri-Hrúta sem eru hliðarár sem renna í Selá. Til stendur að planta birki, gulvíð, loðvíði og mögulega elri í skógræktarsvæðið. Ekki stendur til að nota áburðargjafa né varnarefni í framkvæmdunum en til stendur að nota heyrúllur til að binda jarðveg og varna frostlyftingu. Búið er að skipuleggja um 350 ha af svæði sem framkvæmt verður á næstu c.a. 10 árin. Til stendur að planta á bilinu 25.000-40.000 plöntum á ári fyrstu 5 árin á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að skógræktin gæti haft áhrif á votlendi, vistgerðir og fuglalíf, vatn og landslag.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að skógrækt og landgræðslu, en stofnunin vill koma eftirfarandi á framfæri.

Votlendi

Á framkvæmdarsvæðinu er að finna 180 ha landvæði sem flokkast sem lítt raskað votlendi. Þá er einnig að finna tvö stöðuvötn eða tjarnir á svæðinu en ekki kemur fram hver stærð þeirra er. Slík svæði njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis,

vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvinnanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í greinargerð með matskyldufyrirspurn kemur fram að innan framkvæmdasvæðis er 180 ha votlendissvæði. Votlendi á svæðinu verður ekki raskað á neinn hátt enda sé það vistfræðilega mjög mikilvægt fyrir lífríkið í ánum. Sömuleiðis verður ekki notast við tegundir í framkvæmdinni sem þurrka upp votlendi s.s. aspir. Reynt verði að koma í veg fyrir sjálfssáningu planta inn á votlendissvæðin með því að gróðursetja í um 50-100 m fjarlægð frá þeim. Ekki verður átt við votlendissvæði innan framkvæmdarsvæðisins á neinn hátt.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ekki verði plantað í eða í nálægð við votlendi líkt og áformað er í framkvæmdarlýsingu.

Bakkagróður

Í 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er fjallað um vernd bakkagróðurs. Þar kemur fram að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Fram kemur í framkvæmdalýsingu að til athugunar sé að plana elri meðfram árbökkum. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að bakkagróður nýtur verndar og telur að plöntun elri geti verið til þess fallin að raska náttúrulegum bakkagróðri árbakkanna. Þá sé elri ekki innlend plöntutegund.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð er að finna er að finna greinagóða lýsingu á þeim vitgerðum sem er að finna á svæðinu. Fram kemur að á framkvæmdarsvæðinu sé að finna votlendissvæði sem flokkast mestmegnis sem brokflóavist og tjarnastararflóavist og að litlu leiti sem runnamýrarvist. Hafa allar þessar votlendisvistgerðir mjög hátt verndargildi. Hætt er við því að mófuglar sem fyrir eru á svæðinu muni hörfa, en þeir eru ekki í miklu magni upp í þessari hæð á svo

gróðursnauðu landi. Við bindum miklar vonir við að með auknu kjarri á svæðinu muni rjúpan sækjast í svæðið, sérstaklega á vetrum þegar meginfæða hennar er brum ýmissa runna- og trjátegunda. Mun hún einnig geta nýtt kjarrið til að skýla sér fyrir fljúgandi afætum allt árið. Fram kemur að plantað verði mun gisnara í mólendi þar sem gróðurþekjan er yfir 60%, til að reyna að stuðla að góðu samlífi staðargróðursins með gróðursetningarplöntunum. Til stendur að setja fjóra landvöktunarreiði á svæðinu, tvo við Selsá og tvo við Ytri-Hrúta til að mæla upphafs ástand svæðisins og svo til að mæla þann árangur sem verður á svæðinu á meðan framkvæmdum stendur.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Vistgerðirnar brokflóavist og tjarnastararflóavist og runnamýrarvist sem er að finna innan framkvæmdarsvæðisins, hafi hátt verndargildi líkt og fram kemur í greinagerð.

Vistgerðirnar eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í vistgerðunum getur verið ríkt eða allríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spóa (*Numenius phaeopus*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), óðinshana (*Phalaropus lobatus*), stelkur (*Tringa totanus*), álft (*Cygnus cygnus*) þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) og rjúpa (*Lagopus mutus*) nýti slíkar vistgerðir til varps.

Umhverfisstofnun bendir á rjúpa er ekki ein af ábyrgðartegundum Íslands. Lóupræll, spói og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skoðað verði hvort ofangreindar varpfuglategundir verpi á framkvæmdarsvæðinu og ef svo reynist vera hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Stofnunin leggur áherslu á að svæðum verði ekki raskað sem hafa vistgerðir með hátt verndargildi og sem eru mikilvæg lífssvæði mófugla.

Í framkvæmdalýsingu kemur fram að ekki þurfi að ráðast í vegagerð, skurði eða aðrar stórtækar aðgerðir fyrir þetta verkefni. Þá er ekki er gert ráð fyrir neinni véltækri jarðvinnslu við gróðursetningu. Eitt að markmiðum verkefnisins sé að koma í veg fyrir jarðvegsrof og áfok frá ógrónum melum. Umhverfisstofnun fangnað því að reynt sé að koma í veg fyrir eyðingu gróðurþekju við upphaf skógræktarframkvæmdarinnar þar sem jarðvegur hefur oft að geyma mikið magn kolefnis.

Undir umhverfisþáttinn „fuglalíf“ telur stofnunin áhrifin neikvæð þar sem að bússvæði vaðfuglar/mófuglar hverfur.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand

vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Í samræmi við lögin var gerð vatnaáætlun 2022-2027 en mikilvægt er að öll leyfi sem gefin eru út fyrir framkvæmdir sem gætu haft áhrif á vatn séu í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og laga um stjórn vatnamála.

Lög um stjórn vatnamála ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (m.a. straumvötn). Öll eiga að uppfylla umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau þar sem grunnvatnshlot eiga að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand og yfirborðsvatnshlot eiga að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Vatnshlotin á ætluðu skógræktarsvæði eru grunnvatnshlotin *Urðir* (102-48-G) og *Austfirðir* (102-292-G) og straumvatnshlotin *Selá 2* (102-1358-R) og *Ytri-Hrúta* (102-1310-R).

Vatnshlotin *Selá 2* og *Ytri-Hrúta* hafa verið metin í mjög góðu vistfræðilegu ástandi út frá líkindum en þörf er á gögnum til að staðfesta þá ástandsflokkun. Efnafræðilegt ástand þeirra er ekki þekkt. Grunnvatnshlotin *Urðir* og *Austfirðir* eru óflokkuð vegna skorts á gögnum. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og ástand þeirra má ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Gerist það, þarf að fara í mótvægisáðgerðir.

Í greinargerð kemur fram að stöðugt eftirlit verði með ástandi ána og í sumar verði gert grunnmat á stöðu þöruna og hryggleysingja í ánum. Umhverfisstofnun telur það jákvætt og undirstrikar mikilvægi þess að vöktunin verði gerð í samræmi við stjórn vatnamála, þ.e. að þeir gæðarættir sem notaðir eru til að meta ástand vatns séu vaktaðir. Finna má upplýsingar um gæðarættina í töflu á www.vatn.is.¹ Fyrir frekari upplýsingar eða leiðbeiningar getur framkvæmdaraðili haft samband við Umhverfisstofnun. Skila þarf vöktunargögnum til Umhverfisstofnunar sem notar þau til að meta ástand vatnshlota.

Ásýnd/Landslag

Samkvæmt framkvæmdalýsingu er talið eru að helstu áhrif á umhverfið verði þau að ásýnd á svæðinu breytist með tilkomu trjá- og runnagróðurs á svæðinu í meira magni. Gróðurfar mun taka breytingum og hlutfall mela á svæðinu minnka, en sú vistgerð er í meiri hluta á svæðinu í dag. Til stendur að planta fyrst og fremst innlendum tegundum í skógræktarsvæðið og líkja eftir náttúruskógi.

Samkvæmt 7. tl. 2 gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 eru náttúruskógar land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Að mati Umhverfisstofnunar er jákvætt að notast sé við innlendar trjá- og runnategundir. Stofnunin vill hin vegar vekja athygli á því að elri er ekki innlend tegund. Telur stofnunin af framkvæmdin muni hafa áhrif á og breyta landslagi og ásýnd svæðisins þar sem gróðurlausir melar verða græddir upp.

¹ <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/voktun-vatns/voktunaraetlanir-og-skipulagning-voktunar/>

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar mun fyrirhuguð framkvæmd ekki koma til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum skv. viðmiðum sem gefin eru upp í II viðauka laga nr. 111/2021 og sé því ekki matsskyld.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur



Skipulagsstofnun

Mál nr. 505/2024 í www.skipulagsgatt.is

Seyðisfirði, 8. maí 2024

Efni: Skógræktarframkvæmdir í Selárdal, umsögn Vopnafjarðarhrepps vegna tilkynningar til ákvörunar um umhverfismat.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 24. janúar sl., þar sem ofangreint erindi er sent Vopnafjarðarhreppi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021. Í umsögninni skal koma fram hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þarf að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Inngangur

Fyrirhugað er að hefja skógræktar- og landgræðsluframkvæmdir í Þjóðlendu efst í Selárdal í Vopnafirði. Heildarstærð framkvæmdasvæðisins er yfir 200 ha að stærð og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu. Framkvæmdaraðili verkefnisins er Six Rivers Iceland.

Fyrirætlanir eru um að rækta upp skóg og notast við birki, gulvíði og loðvíði, til skoðunar er að nota elri nær þverám. Ekki er stefnt að því að notast við áburð í þessum framkvæmdum. Flokka megi þessa skógrækt sem blöndu af endurheimt náttúruskóga og landgræðsluskógrækt.

Samantekt

Varðandi efnistöð og umfjöllun vill sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps benda á eftirfarandi atriði sem ástæða er til að hafa í huga við afgreiðslu málsins.

Vopnafjarðarhreppur telur að nauðsynlegt sé að fram fari nákvæm greining á áhrifum framkvæmdarinnar þar sem hún gæti valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum sem erfitt sé að sjá fyrir að öllu leyti fyrirfram. Um er að ræða svæði sem sé viðkvæmt og gæta þurfi sérstakrar varúðar til að raska ekki mikilvægum vistfræðilegum kerfum með breytingum sem e.t.v. er ekki afturkræfar og ekki æskilegar. Því sé afar mikilvægt að vanda til verka, framkvæma í litlum áföngum til að byrja með og gefa sér nægan tíma til vöktunar til að geta metið hver áhrifin eru í raun áður en áfram er haldið með verkefnið.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að gætt sé varúðar við allar framkvæmdir sem geta haft áhrif á vistkerfi ána í Vopnafirði og valdið einhverjum breytingum á þeim og svæðum sem þær hafa afrennsli af.

Leyfisveitingar á hendi Vopnafjarðarhrepps

Vopnafjarðarhreppur veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Ofangreind umsögn var samþykkt á 30.fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps þann 15. maí 2024.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpvaggi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Djúpivogur, 4. júní 2024
MÍ202404-0196/ 6.07 / P.E.H.

Efni: Skógræktarframkvæmdir í Selárdal, Vopnafjarðarhreppi – ákvörðun um matsskyldu

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um ákvörðun um matsskyldu fyrirhugaðra skógræktarframkvæmda í Selárdal í Vopnafirði (mál nr. 502/2024). Hægt var að hlaða niður kynningarskýrslu.

Six Rivers Iceland, leigutaki Selár í Vopnafirði, hefur á undanförunum árum unnið að því að bæta afkomu laxastofnsins sem er í ánni. Ein aðgerð því tengdu er að bæta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiðin. Fyrirhugað er að rækta skóg og notast við birki, gulvíði og loðvíði. Notast verður við heyrúllur til að binda jarðveg og stöðva frostlyftingar. Áformin eiga að styðja við þá ræktunavinnu sem nú þegar er hafin.

Framkvæmdarsvæðið er ofarlega í Selárdal í Vopnafirði og afmarkast af Selá í norðri, Selá í suðri og Ytri-Hrútá í vestri. Býlið Selsárvellir stóð innan framkvæmdarsvæðisins á bökkum Selár og býlið Aðalból stóð aðeins utar. Svæðið er innan þjóðlendu. Svæðið telur tæpa 1300ha og er búið að skipuleggja aðgerðir á 350ha svæði næstu átta árin. Vonast er til að uppgræðsluaðgerðir gangi vel svo hægt verði að græða upp gróðurshnaða mela og gróðursetja birki í kjölfarið. Myndu þá bætast við að minnsta kosti 350ha. Ekki þarf að ráðast í vegagerð, skurð eða aðrar stórtækar aðgerðir á svæðinu vegna þessa verkefnis.

Fjallað er um fornleifar og minjar í skýrslunni. Þar segir að notast hafi verið við vefsja Minjastofnunar og að þar séu engar þekktar fornleifa inn á svæðinu. Tekið hefur verið frá svæði í kringum býlið Selárvelli og beðið sé úrskurðar Minjastofnunar hvort að öruggt sé að koma nær minjasvæðinu en planað er.

Í kafla um umhverfisáhrif framkvæmdanna segir að engar skráðar fornminjar séu á svæðinu en þó séu sjáanlegar tóftir þar. Minjastofnun hafi óskað eftir að taka út svæðið og sent erindi til forsætisráðuneytisins þess efnis sökum þess að svæðið sé þjóðlenda.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Nýrækt skóga og uppgræðsla getur haft þau áhrif að fornleifar sem eru innan tiltekens svæðis kunna að raskast. Allar fornleifar á Íslandi eru

Þuríður Elísa
Harðardóttir
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

fríðaðar en fríðunin felur í sér að óheimilt er að raska, hylja eða á nokkurn hátt breyta fornleifum nema með leyfi og að uppfylltum skilyrðum sem Minjastofnun Íslands kann að setja. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Með því að skrá fornleifar, hús og mannvirki er hægt að taka tillit til þeirra við undirbúning framkvæmda á tilteknu svæði og koma þannig í veg fyrir að þær verði fyrir skemmdum.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um framkvæmdaráformin til framkvæmdaraðila með bréfi dags. 24. apríl 2024. Þar kom fram að ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirki innan ofangreinds framkvæmdarsvæðis og þar með er ekki vitað hvar menningarminjar kunna að leynast innan svæðisins. Heimildir og loftmyndir gefa til kynna að minjar séu innan svæðisins, t.d. býlið Selárvellir sem fjallað eru um í matsskýrslunni. Það svæði sem þar var til skoðunar er það sama og er hér til kynningar.

Skrá þarf fornleifar í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands innan ofangreinds svæðis vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur þeirrar færðar inn á uppdrátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða fornleifanna, sem og punktar þar sem ekki sést til þeirra á yfirborði. Slíka skráningu þarf að vinna af fornleifafræðingi. Ef hús og mannvirki eru innan svæðisins þarf að taka saman yfirlit um þau til að hægt sé að leggja mat á það hvort að kalla þurfi eftir skráningu þeirra. Sökum stærðar framkvæmdarsvæðisins er ráðlagt að vinna að undirbúningi skráningarinnar í samráði við stofnunina.

Í 28. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þá skráningu sem og mögulega frekari rannsóknir sem gera þarf vegna framkvæmdanna. Þar sem hér er um þjóðlendu að ræða er vakin athygli á því að samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að Ríkissjóður skuli bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Hafa þarf samband við ráðuneyti það sem fer með mál þjóðlendna sökum þessa.

Mikilvægt er að fyrir liggja upplýsingar um menningarminjar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Aðeins þá er hægt að meta áhrif framkvæmdanna innan svæðisins á menningarminjar og aðlaga framkvæmdir að þeim. Minjastofnun Íslands telur af þeim sökum, þar sem ekki liggur fyrir skráning menningarminja innan svæðisins, að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig minnir stofnunin á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0059
LA/OKV/RT/BK

Efni: Umsögn um matsskylduákvörðun skógræktarframkvæmda í Selárdal, Vopnafirði

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 24. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna skógræktarframkvæmda í Selárdal, Vopnafirði.

Áætlanir eru um skógræktar- og landgræðsluframkvæmdir í þjóðlendu í um 400 m h.y.s í Selárdal. Heildarsvæði framkvæmdarinnar er yfir 200 ha og er því tilkynningarskylt til ákvörðunar um matsskyldu.

Fyrirtækið Six Rivers Iceland hefur unnið að því að bæta afkomu laxastofnsins í Selá, m.a. með því að bæta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í ánum Selsá og Ytri-Hrúta sem báðar renna í Selá. Áform eru um að stuðla að auknu fæðuframboði fyrir lífríki ána með því að auka gróðurþekju á vatnasvæðinu. Skipulagt hefur verið 350 ha svæði fyrir skógræktar- og landgræðsluframkvæmdir þar sem notast verður við birki, gulvíði og loðvíði. Til skoðunar er að nota elri næst þveránum, en þá í litlu magni (minna en 1%). Ekki verður yfirborði raskað vegna trjáplöntunnar og ekki notast við áburð fyrir utan heyrúllur til að binda jarðveg. Ekki verður plantað trjám í votlendissvæði og ekki farið nær árbakka en sem nemur 30 m. Búið er að skipuleggja aðgerðir innan svæðisins næstu átta árin og er áætlað að planta um 25-40 þúsund plöntum fyrstu fimm árin.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og telur að gerð sé vel grein fyrir skógræktaráformum í Selárdal. Stofnunin telur að framkvæmdin sé mjög áhugaverð er varðar uppgræðslu á rýru melasvæði og fagnar því að samhliða framkvæmdum er sett af stað vöktun (landvöktunarreitir) þar sem grunnástand svæðisins er mælt (bæði lífríki á landi og í ám) og fylgst með framgangi þess á komandi árum. Ekki er minnst sérstaklega á vöktun fugla innan svæðisins, en ættu að vera hluti af vöktunarverkefningu. Þessi vöktun mun bæta þekkingu okkar á uppgræðslu melasvæða á heiðum Norðaustanlands þar sem notast er við innlendar trjáplöntur, en skortur er á slíkum rannsóknum hér á landi.

Þá telur Náttúrufræðistofnun mjög jákvætt að við framkvæmdina verður votlendi ekki raskað og ekki notast við vélknúin tæki til gróðursetningar sem kemur í veg fyrir rask á yfirborði svæðisins.

Fram kemur í greinargerðinni að til skoðunar er að nota elri við trjáplöntun nálægt þverám en ekki er tiltekið hvaða tegundir elris. Elri er niturbindandi planta en hún er ekki íslensk tegund. Í svörum frá Six Rivers við fyrri athugasemdum Náttúrufræðistofnunar (sjá fylgiskjöl í tilkynningu frá framkvæmdaaðila) er minnst á að fyrirhugað sé að nota niturbindandi, íslenskar plöntur en ekki er tiltekið hvaða tegundir þær eru. Náttúrufræðistofnun mælist ekki til að elri sé



notað innan skógræktarsvæðisins, þar sem erlendar rannsóknir benda til þess að elri geti breitt úr sér og orðið ágeng tegund við vissar kringumstæður (<https://rfs.org.uk/wp-content/uploads/2021/06/non-native-alder-species-alnus-spp.pdf>).

Náttúrufræðistofnun telur framkvæmdina ekki matsskylda.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

